

**Fundargerð skipulagsnefndar UTU
231. fundur skipulagsnefndar UTU
haldinn miðvikudaginn 12. janúar 2022
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Halldóra Hjörleifsdóttir, Árni Eiríksson, Guðmundur J. Gíslason, Helgi Kjartansson, Ingvar Hjálmarsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Vigfús Þór Hróbjartsson, Davíð Sigurðsson og Elísabet D. Erlingsdóttir.

Fundargerð ritaði: Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi

Fundarmenn tóku þátt í gegnum fjarfundabúnað. Fundargerð verður send til nefndarmanna í tölvupósti til yfirlestrar og svo til rafrænnar undirritunar.

Dagskrá:

Ásahreppur:

1. Framnes; Nes 1 L230551 og Nes 2 L230552; Deiliskipulag - 2109063

Lagt er fram deiliskipulag fyrir Nes 1 L230551 og Nes 2 L230552 í Ásahreppi eftir kynningu. Deiliskipulagið tekur til lóða fyrir íbúðarhús, gestahús og skemmu. Engar athugasemdir bárust við kynningu deiliskipulagsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við hreppsnefnd Ásahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Þórisvatn; Þórisóstífla; Endurbætur á stíflu; Framkvæmdaleyfi - 2201019

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Landsvirkjun. Í framkvæmdinni felast endurbætur á stíflunni vegna skemmda á ölduvörnum. Fyrirspurn um matsskyldu verkefnisins var lögð fram til Skipulagsstofnunar 2021 og byggir umsóknin á þeirri fyrirspurn. Niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu ásamt umsögnum og samþykktum vegna framkvæmdarinnar eru lögð fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við hreppsnefnd Ásahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna endurbóta á Þórisóstíflu.

Bláskógabyggð:

3. Kjóastaðir 1 land 2 L220934; Skjól; Deiliskipulagsbreyting - 2112037

Lögð er fram umsókn frá Þorgeiri Óskari Margeirssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi Kjóastaða. Í breytingunni felst skilgreining á nýjum byggingarreit B3. Innan byggingarreits verði heimilt að byggja allt að þrjú 150 fm hús.

Skipulagsnefnd UTU frestar afgreiðslu málsins vegna ófullnægjandi gagna. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við málsaðila.

4. Skálholt L167166; Endurheimt votlendis; Fyrirspurn - 2112061

Lögð er fram fyrirspurn til skipulagsnefndar og sveitarstjórnar um hvort að fyrirhuguð framkvæmd vegna endurheimt votlendis sé framkvæmdaleyfisskyld í samræmi við lög, en þó sérstaklega reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, í landi Skálholts.

Skipulagsnefnd UTU telur að endurheimt votlendis teljist til framkvæmdaleyfisskyldra verkefna sbr. 5 gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Slíkt er þó í öllum tilfellum háð mati á umfangi verkefnisins hverju sinni.

5. Efsti-Dalur 1 vegsvæði L229944; Framkvæmdarleyfi - 2201003

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar innan lands Efstadals 1 vegsvæði L229944. Í framkvæmdinni felst vegagerð um sameiginlegt land í Efstadal 1. Vegurinn tengir land Hlaupungu við Laugarvatnsveg. Nánari lýsingu á framkvæmd er að finna í framkvæmdalýsingu sem komin er í hendur skipulagsembættisins á Laugarvatni. Í sama skjali má finna uppdrátt af legu vegar. Tenging vegarins við Laugarvatnsveg hefur þegar verið samþykkt af Vegagerðinni.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem fyrir liggur skriflegt samþykki landeigenda á svæðinu fyrir umræddri framkvæmd, auk þess sem viðkomandi landsvæði var sérstaklega merkt sem vegsvæði við landskipti landsins árið 2020, telur nefndin ekki þörf á grenndarkynningu vegna útgáfu framkvæmdaleyfisins.

6. Útey 2; Frístundasvæði í Mýrarskógi; Deiliskipulag - 2201011

Lögð er fram umsókn um deiliskipulag sem tekur til frístundabyggðar í landi Úteyjar 2 í Bláskógabyggð. Í tillögunni felst skipulagning 8 ha frístundahúsasvæðis í Mýrarskógi. Innan svæðisins hafa nú þegar verið byggð 6 frístundahús og nær deiliskipulagið yfir þær lóðir auk þess sem bætt er við 4 lóðum innan reitsins svo lóðirnar verða 10 samtals. Lóðarmörk mót suðri hafa verið aðlöguð að lóðarmörkum lóða í landi Úteyjar 1, lóða L168174 og L220202. Ekkert deiliskipulag er til fyrir svæðið.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin mælist til þess að tillagan verði sérstaklega kynnt eigendum þegar byggðra lóða innan skipulagssvæðisins.

7. Færsla vegar innan Laugarvatns; Kæra til ÚUA nr. 184.2021 - 2112057

Lögð er fram stjórnarsýslukæra vegna útgáfu framkvæmdaleyfis sem tekur til færslu vegar innan Laugarvatns. Lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

8. Suðurhlið Langjökuls; Íshellir; Fyrirhuguð framkvæmd og skilmálar; Deiliskipulag - 2004047

Lögð er fram deiliskipulagstillaga vegna íshellis í sunnanverðum Langjökli eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst afmörkun lóðar fyrir íshelli auk þess sem gert er grein fyrir heimiluðum framkvæmdum innan svæðisins, aðkomu og viðhaldi

hellisins, frágangi svæðisins og umhverfisáhrifum. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar þar sem skilgreint er afþreyingar- og ferðamannasvæði á því svæði sem deiliskipulagið tekur til. Athugasemdir við gildistöku deiliskipulagsins bárust frá Skipulagsstofnun og var afgreiðsla málsins frestað á 227. fundi skipulagsnefndar. Uppfærð gögn eru lögð fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða gildistöku aðalskipulagsbreytingar sem tekur til svæðisins.

Flóahreppur:

9. Krókur L166243; Deiliskipulag - 2112033

Lögð er fram umsókn frá Bjarna Ólafssyni er varðar nýtt deiliskipulag fyrir Krók, L166243. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan jarðarinnar. Innan skipulagsins er m.a. gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, skemmu, geymslu og gestahúsum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Skipulagsnefnd mælist til þess að framlögð gögn verði rýnd m.t.t. hugsanlegrar flóðahættu á svæðinu.

10. Orustudalur L189527; Viðbygging; Fyrirspurn - 2201010

Lögð er fram fyrirspurn frá Lenu Mariu Eriksson er varðar beiðni um undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við beiðni um undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi. Skipulagsfulltrúa falið að aðstoða fyrirspyrjanda við beiðni um undanþágu til ráðuneytis.

11. Dalsmynni L166326; Dalsmynni 2 og Dalsmynni vatnsveitulóð; Stofnun lóða - 2112055

Lögð er fram umsókn frá Ágústi Hjálmarssyni er varðar stofnun lóða úr landi Dalsmynnis L166326. Í umsókninni felst stofnun tveggja lóða, Dalsmynni 2 og Dalsmynni vatnsveitulóð. Aðkoma að lóðunum er frá Hurðarbaksvegi (3199). Kvöð verður á Dalsmynni um aðgengi að báðum lóðunum og á Dalsmynni 2 um aðgengi að vatnsveitulóðinni.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að erindið verði samþykkt. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á umsögn Vegagerðarinnar vegna nýrrar veltengingar að landi Dalsmynnis 2 og vatnsveitulóðar.

Ingvar Hjálmarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

12. Vorsabær L165516 og Vorsabær 2 L165517; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð jarða - 2112048

Lögð er fram umsókn frá Helga Stefánssyni þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun jarðanna Vorsabæ L165516 (132,4 ha) og Vorsabæ 2 L165517 (1,3 ha) skv. hnitsettri mælingu sem ekki hefur legið fyrir áður. Jafnframt er óskað eftir breytingu á stærð jarðanna til samræmis við mælingu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna þar sem við á fyrir hnitsettri afmörkun. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

13. Efri-Völlur L165470; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð jarðar - 2112049

Lögð er fram umsókn frá Helga Stefánssyni þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Efri-Völlur L165470 (107 ha) skv. hnitsettri mælingu sem ekki hefur legið fyrir áður. Jafnframt er óskað eftir breytingu á stærð jarðarinnar til samræmis við mælingu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna þar sem við á fyrir hnitsettri afmörkun. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

14. Vorsabæjarhóll L165515; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð jarðar - 2112050

Lögð er fram umsókn frá Markúsi Kristni Ívarssyni þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Vorsabæjarhóll L165515 (129 ha) skv. hnitsettri mælingu sem ekki hefur legið fyrir áður. Jafnframt er óskað eftir breytingu á stærð jarðarinnar til samræmis við mælingu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna þar sem við á fyrir hnitsettri afmörkun. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Grímsnes- og Grafningshreppur:

15. Nesjar; Stapavík L170904; Frístundalóðir; Deiliskipulag - 2012010

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til lóðarinnar Stapavík L170904 að Nesjum eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining þriggja lóða auk byggingarheimilda. Athugasemdir bárust við gildistöku deiliskipulagsins af hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

16. Markalækur L192476; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting - 2112047

Lögð er fram umsókn frá Agli Jóhannssyni sem tekur til breytingar á deiliskipulagi í landi Syðri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagsbreytingin nær til

2 ha lands, Markalæks L192476, og gerir ráð fyrir sameiningu tveggja lóða í eina lóð ásamt breyttum byggingarheimildum innan svæðisins. Landnúmer er 192476 og helst óbreytt. Skipulagssvæðið er landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi GG og er skráð sem lögbýli sbr. staðfestingu Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Ferðaþjónustubýlið mun starfa skv. gildum um sjálfbærni, nýsköpun og mannrækt og áhersla lögð á uppgræðslu lands, skógrækt, vistvæna hönnun, nýsköpun, sjálfbærni og hlutleysi hvað varðar kolefnisspor. Landið er að hluta ógróinn melur og syðsti hluti þess nýttur sem malarnáma fyrir mörgum árum síðan. Landið er ekki talið hafa verndargildi sökum gróðurs eða jarðfræði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Skipulagsnefnd mælist til þess að samhliða verði afmörkun frístundasvæðis á svæðinu skoðuð og heimfærð við framlögð gögn innan endurskoðunar aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.

17. Steingrímsstöð lnr 170935: Sogið: Deiliskipulag - 1804009

Lögð er fram deiliskipulagstillaga sem tekur til Steingrímsstöðvar. Í deiliskipulaginu felst að staðfesta núverandi landnotkun svæðisins. Samhliða er unnið að gerð deiliskipulags fyrir Írafoss- og Ljósafossstöðvar. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá hefur deiliskráning fornminja verið gerð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

18. Írafoss- og Ljósafossvirkjanir lnr 168922 og 168926: Sogið: Deiliskipulag - 1804008

Lögð er fram deiliskipulagstillaga sem tekur til Írafoss- og Ljósafossvirkjana. Í deiliskipulaginu felst í meginráttum staðfesting núverandi landnotkun svæðisins auk þess að gera ráð fyrir byggingu yfir hluta tengivirkis við Írafossstöð og gera ráð fyrir stöðvarhúsi fyrir vetnisstöð. Samhliða er unnið að gerð deiliskipulags fyrir Steingrímsstöð. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðvarnar og eru settir skilmálar fyrir mannvirki í tengslum við hana.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

19. Mosfell L168267; Endurheimt votlendis; Fyrirspurn - 2112062

Lögð er fram fyrirspurn frá Helgu Lucie Andrée Káradóttur varðandi framkvæmdaleyfisskyldu við endurheimt votlendis í landi Mosfells.

Skipulagsnefnd UTU telur að endurheimt votlendis teljist til framkvæmdaleyfisskyldra verkefna sbr. 5 gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Slíkt er þó í öllum tilfellum háð mati á umfangi verkefnisins hverju sinni.

20. Kringla 2 og 9; Kringlugil 1 og 2; Deiliskipulag - 2107009

Lögð er fram tillaga deiliskipulags er varðar lóðir Kringlugils 1 og 2 úr Kringlu 2 og 9. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhús og úthús. Tillagan var kynnt frá 1.-24. desember, engar athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

21. Úlfjótswatnsbær (L223638); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús breyting á notkun í gistihúsnæði - 2112065

Fyrir liggur umsókn Sigurðar Einarssonar fyrir hönd Skógræktarfélag Íslands, móttekin 30.12.2021, um byggingarleyfi til að breyta notkun á íbúðarhúsi í gistihús á jörðinni Úlfjótswatnsbær L223638 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Húsið er innan skilgreinds afþreyingar- og ferðamannasvæðis samkvæmt aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skipulagsnefnd UTU telur að breytt notkun hússins falli ágætlega að skilgreindri notkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi. Nefndin telur þó að ef komi til frekari uppbyggingar innan lóðarinnar á ferðaþjónustutengdri starfsemi sé eðlilegt að landnotkun lóðarinnar skuli skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði í takt við meginnotkun hennar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og verði grenndarkynnt. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

22. Kiðjaberg lóð 107 L201721; Færsla byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting - 2112024

Lögð er fram að nýju umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi Kiðjabergs sem tekur til lóðar Kiðjaberg 107 L201721. Í breytingunni felst tilfærsla á byggingarreit lóðarinnar um u.þ.b. 14 metra til suð-vesturs. Tilgangur breytingarinnar er að auka óhindrað útsýni frá húsinu. Málinu var frestað á 230. fundi skipulagsnefndar og skipulagsfulltrúa falið að fara á staðinn og meta aðstæður og hugsanleg grenndaráhrif breytinganna. Ljósmyndir og nánari gögn lögð fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt aðliggjandi lóðum, L201720 og L200069.

Hrunamannahreppur:

23. Ásgarður; Kerlingarfjöll; Deiliskipulag - 2110077

Lagt er fram deiliskipulag fyrir reit Fannborgar ehf. innan Kerlingarfjalla. Í gildi er deiliskipulag, svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags af svæðinu. Meginmarkmið nýs deiliskipulags er að sníða ramma utan um ferðaþjónustu Fannborgar í Kerlingarfjöllum og tryggja þróun hennar til framtíðar í sátt við einstaka náttúru. Markmiðin eru þau sömu og markmið gildandi deiliskipulags en útfærð nánar fyrir

svæði Fannborgar. Í þeim felst að bæta þjónustu við ferðamenn og auðvelda þeim sem sækja svæðið að njóta útivistar og náttúrufars án þess að valda röskun eða tjóni á lífríki svæðisins. Að hugað verði sérstaklega að gönguleiðum innan svæðisins og þær tengdar við leiðir sem liggja fyrir utan skipulagsmörkin. Að bæta gístiaðstöðu og bjóða fjölbreytta gistingu til að koma til móts við ólíkar óskir ferðalanga. Að nýta og gera heilsteypara það svæði sem þegar hefur verið tekið til ráðstöfunar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

24. Laugar 2 L175940; Borun; Nýting athafnasvæðis; Framkvæmdarleyfi - 2201012

Lögð er fram umsókn frá Varmaorku ehf. er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir leit og borun eftir jarðvarma á jörðinni Laugum, Hrunamannahreppi. Einnig nýting á athafnasvæði, Laugar 2, sem er í dag bifreiðaverkstæði og athafnasvæði en þar er áætlað að nýta núverandi hús og/eða stækka eftir þörfum. Samhliða er óskað eftir upplýsingum um hvaða breytingar þarf að gera á skipulagi svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna leitarborana og rannsókna á svæðinu og mælist til þess að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli heimilda aðalskipulags gr. 2.2.8 er varðar stakar framkvæmdir í byggð. Komi til virkjunar á heitu vatni innan svæðisins er slíkt háð skilgreiningu iðnaðarsvæðis innan aðalskipulags Hrunamannahrepps. Samhliða verði unnið að gerð deiliskipulags sem skilgreinir með ítarlegri hætti heimilaðar framkvæmdir innan svæðisins til framtíðar.

25. Dalbær 1 166735 L166735; Stofnun lóðar - 2201020

Lögð er fram umsókn frá Arnfríði Jóhannsdóttur er varðar stofnun lóðar úr Dalbæ 1 L166735. Í umsókninni felst að stofnuð verði 2414,1 fm lóð utan um þegar byggt íbúðarhús (mhl 14).

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

26. Búrfellsvirkjun; Endurskoðað deiliskipulag - 2112064

Landsvirkjun og Skeiða- og Gnúpverjahreppur leggja fram uppfært deiliskipulag af Búrfellssvæðinu. Gert var deiliskipulag vegna stækkunar Búrfellsstöðvar, staðfest í B-deild stjórnartíðinda 27. jan 2016 sem síðan hafa verið gerðar 4 breytingar í því skipulagi sú síðasta staðfest í B-deild 18. apríl 2018. Framkvæmdum við þá stækkun er nú að mestu lokið og hóf Búrfellsstöð II rekstur 2018. Nú er lögð fram breytt tillaga. Þar sem virkjun er fullbyggð og rekstur hennar hafinn snýr breytt skipulag að því að skilgreina núverandi stöðu svæðisins með Búrfellsvirkjun í fullum rekstri. Því tekur tillagan til núverandi stöðu svæðisins og til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru frá gildandi skipulagi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

27. Flatir lóð 17 L193908; Ægisbyggð; Breytt heiti lóðar - 2201009

Lögð er fram umsókn frá Ægi Rafn Magnússyni um breytt heiti lóðarinnar Flatir lóð 17 L193908. Óskað er eftir að lóðin fái staðfangið Ægisbyggð. Lóðin er innan deiliskipulags frístundasvæðisins á Flötum í landi Réttarholts.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að umsókn um breytt heiti lóðar verði skoðað í samhengi við breytingar á deiliskipulagi svæðisins þar farið var fram á lagfæringu á staðföngum innan svæðisins. Í samræmi við uppfærðan deiliskipulagsuppdrátt ætti því umrædd gata að fá nýjan staðvísi og allar lóðir við þá götu viðeigandi staðfang. Skipulagsnefnd mælist til þess að umsókn um breytt heiti lóðar verði synjað.

Öll sveitarfélög:

28. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-156 - 2112003F

Lögð er fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-156.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00

Árni Eiríksson

Ingvar Hjálmarsson

Helgi Kjartansson

Halldóra Hjörleifsdóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Guðmundur J. Gíslason

Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-156 (Fundargerð)

Haldinn haldinn með fjárfundarbúnaði þann 05.01.2022 og hófst hann kl. 13:00.

Fundargerð ritaði: Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi.

Mál tekin fyrir (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profun/default.aspx?viewname=Cases_ByMeeting.xml&where=MeetingUID:2112003F)

Nefndarmenn:

Davíð Sigurðsson, Byggingarfulltrúi
Stefán Short, Tæknimaður
Lilja Ómarsdóttir, Tæknimaður

Starfsmenn:

Guðmundur G. Þórisson, Áheymarfulltrúi

Dagskrá:

1. Bíldsfell II veiðihús (L227365); umsókn um byggingarleyfi; veiðihús - viðbygging og gistihús - (2111069 (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profun/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2111069;))

Erindi sett að nýju fyrir fund. Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar fyrir hönd Guðmundar Þorvaldssonar og Árna Þorvaldssonar, móttækin 23.11.2021 um byggingarleyfi að byggja viðbyggingu 13,4 m² við veiðihús mhl 01 og 21 m² gistihús á landinu Bíldsfell II veiðihús (L227365) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á veiðihúsi mhl 01 eftir stækkun verður 74,3 m².

Fylgiskjöl:

Hönnuður - umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
(https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profun/Getdocument.aspx?itemid=ss3KqgbYkKbitogwTFwxQ&meetingid=2112003F&cc=Application)

Minnisatriði ▼

Byggingaráform eru samþykkt. Byggingarheimild verður gefin út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.3.8 í byggingarreglugerð 112/2012. Þ.e. að hönnuður hafi skilað inn árituðum aðaltekningum til leyfisveitanda, byggingarstjóri hafi staðfest yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent afrit af starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni og að tilskilin gjöld hafi verið greidd.

2. Lækjarbrekka 32 (L207027); umsókn um byggingaheimild; sumarbústaður og gestahús - (2111067 (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profun/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2111067;))

Erindi sett að nýju fyrir fund, hönnuður hefur skilað inn lagfærðum gögnum. Fyrir liggur umsókn Guðmundar Á. Þórðarsonar fyrir hönd Midgard Cabins ehf., móttækin 22.11.2021 um

byggingarheimild til að byggja 120,1 m² sumarbústað og 24,3 m² gestahús á

1145

A-

Sumarbústaðalandinu Lækjarbrekka 32 (L207027) í Grímsnes- og Grafningshreppi

Fundagátt Eydis Þorunnar

5. febrúar 2022 | 60 mín

Eyngiskjöl:

Hönnuður - innsending teikninga og sérteikninga á þegar stofnuðum málum
(https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profun/Getdocument.aspx?itemid=V2iUo9FAGEG1IK5OSQqrfq&meetingid=2112003F&cc=Application)

Minnisatriði ▼

Byggingaráform eru samþykkt. Byggingarheimild verður gefin út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.3.8 í byggingarreglugerð 112/2012. Þ.e. að hönnuður hafi skilað inn árituðum aðaltekningum til leyfisveitanda, byggingarstjóri hafi staðfest yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent afrit af starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni og að tilskilin gjöld hafi verið greidd.

3. Sel lóð (L204582); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður - viðbygging -

(2111007 (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profun/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2111007;))

Fyrir liggur umsókn Arnar Sigurðssonar fyrir hönd Sturlaugs Daðasonar og Pirkko Liisa Daðason, móttækin 27.10.2021 um byggingarheimild til að byggja 36,6 m2 viðbyggingu við sumarbústað á sumarbústaðalandinu Sel lóð (L204582) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústaði eftir stækkun verður 69,7 m2.

Eyngiskjöl:

001-grunnmynd-skráningartafla.pdf
(https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profun/Getdocument.aspx?itemid=hj7ZlveXCkO0RA8EyE24A&meetingid=2112003F&cc=Document)

003-afstöðumynd-byggigarlýsing.pdf
(https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profun/Getdocument.aspx?itemid=i8nAe28TvE2P2wDeS1rF2A&meetingid=2112003F&cc=Document)

002-útlit-sneiðing.pdf (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profun/Getdocument.aspx?itemid=23tM2kLIs0OZ5kDev60FLg&meetingid=2112003F&cc=Document)

Minnisatriði ▼

Byggingaráform eru samþykkt. Byggingarheimild verður gefin út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.3.8 í byggingarreglugerð 112/2012. Þ.e. að hönnuður hafi skilað inn árituðum aðaltekningum til leyfisveitanda, byggingarstjóri hafi staðfest yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent afrit af starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni og að tilskilin gjöld hafi verið greidd.

4. Kamsbraut 38 (L202404); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður með

millilofti - (2106052 (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profun/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2106052;))

Fyrir liggur umsókn Friðriks Friðrikssonar fyrir hönd Hreiðars Hermannssonar, móttækin 14.06.2021 um byggingarheimild til að byggja 162,5 m2 sumarbústað með millilofti á sumarbústaðalandinu Kamsbraut 38 (L202404) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Eyngiskjöl:

Hönnuður - innsending teikninga og sérteikninga á þegar stofnuðum málum
(https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profun/Getdocument.aspx?itemid=pG_ByJqVwM0OyCB6ml2DlaA&meetingid=2112003F&cc=Application)

Minnisatriði ▼

Byggingaráform eru samþykkt. Byggingarheimild verður gefin út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.3.8 í byggingarreglugerð 112/2012. Þ.e. að hönnuður hafi skilað inn árituðum aðaltekningum

1145 A- *Áil leyfisveitanda, byggingarstjóri hafi staðfest yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent afrit af starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni og að tilskilin gjöld hafi verið greidd.*

5. Úlfjótsvatnsbær (L223638); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús breyting á notkun í gistihúsnæði - (2112065 (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2112065;))

Fyrir liggur umsókn Sigurðar Einarssonar fyrir hönd Skógræktarfélag Íslands, móttékin 30.12.2021 um byggingarleyfi til að breyta notkun á íbúðarhúsi í gistihús á jörðinni Úlfjótsvatnsbær (L223638) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Minnisatriði ▼

Vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu.

6. Hvítárbraut 19a (L221345); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður og gestahús - (2001040 (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2001040;))

Erindi sett að nýju fyrir fund, lagðir fram uppdættir með lagfærðri lýsingu. Sótt er um byggingarheimild að byggja 111,4 m² sumarbústað og 38,2 m² gestahús á sumarbústaðalandinu Hvítárbraut 19a (L221345) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Eyngiskjöl:

Hönnuður - innsending teikninga og sérteikninga á þegar stofnuðum málum (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/Getdocument.aspx?itemid=h7zFs3ls0kSVzKanZnJ_oA&meetingid=2112003F&cc=Application)

Minnisatriði ▼

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

7. Jónslaut 1 (L202405); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður og sauna - (2111043 (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2111043;))

Erindi sett að nýju fyrir fund, lagfærð gögn hafa boristi frá hönnuði. Fyrir liggur umsókn Bærings B. Jónssonar fyrir hönd Christopher Pier, móttékin 18.11.2021 um byggingarheimild til að byggja 150 m² sumarbústað með lagnakjallara undir gestaherbergi og 10 m² sauna á sumarbústaðalandinu Jónslaut 1 (L202405) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Minnisatriði ▼

Byggingaráform eru samþykkt. Byggingarheimild verður gefin út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.3.8 í byggingarreglugerð 112/2012. Þ.e. að hönnuður hafi skilað inn árituðum aðaltekningum til leyfisveitanda, byggingarstjóri hafi staðfest yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent afrit af starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni og að tilskilin gjöld hafi verið greidd.

8. Ásólfstaðavegur 2 (L218811); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður - (2112058 (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2112058;))

Fyrir liggur umsókn Sigurðar Hallgrímssonar fyrir hönd Hjálta Guðmundssonar, móttékin 05.12.2021 um byggingarheimild að byggja 144,5 m² sumarbústað á sumarbústaðalandinu Ásólfstaðavegur 2 (L218811) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Minnisatriði ▼

1145 A- Byggingaráform eru samþykkt. Byggingarheimild verður gefin út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.3.8 í byggingarreglugerð 112/2012. Þ.e. að hönnuður hafi skilað inn árituðum aðalteikningum til leyfisveitanda, byggingarstjóri hafi staðfest yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent afrit af starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni og að tilskilin gjöld hafi verið greidd.

9. Gunnbjarnarholt (L166549); umsókn um byggingarleyfi; Fjós - breyting á innra rými að hluta - (1507022 (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:1507022;))

Erindi sett að nýju fyrir fund, sótt er um leyfi til breyta núverandi starfsmannaaðstöðu, rými er stækkað um 50 m2 og skipt upp í vinnslurými, starfsmannarými og tæknirými á jörðinni Gunnbjarnarholt (L166549) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Heildarstærð á húsi verður óbreytt.

Eyngiskjöl:

180922-a-303-2.pdf (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/Getdocument.aspx?itemid=y11YtFTq5EGlzdK3wBoUqA&meetingid=2112003F&cc=Document)

180922-a-302-2.pdf (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/Getdocument.aspx?itemid=mBaviAxRAEgCToY93bFAQ&meetingid=2112003F&cc=Document)

180922-a-301-2.pdf (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/Getdocument.aspx?itemid=SRw__4ySakKFsgt8YLbKWQ&meetingid=2112003F&cc=Document)

Minnisatriði ▼

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

10. Útey 1 lóð (L168171); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður - viðbygging - (2110025 (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2110025;))

Erindi sett að nýju fyrir fund, skipulagsnefnd hefur tekið það til umfjöllunar. Fyrir liggur umsókn Hjörleifs Sigurþórssonar fyrir hönd Gunnars Þ. Gunnarssonar og Bryndísar B. Guðjónsdóttur, móttækin 08.10.2021 um byggingarleyfi til að byggja 64,5 m2 við sumarbústaðinn á sumarbústaðalandinu Útey 1 lóð (L168171) í Bláskógabyggð. Heildarstærð á sumarbústaði eftir stækkun verður 104,5 m2.

Eyngiskjöl:

Afgreiðsla skipulagsnefndar 227. fundur, Útey 1 lóð (L168171), umsókn um byggingarleyfi, sumarbústaður - viðbygging

(https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/Getdocument.aspx?itemid=cgaSyHa7kWxXAOfmJOCag&meetingid=2112003F&cc=Document)

Hönnuður - innsending teikninga og sérteikninga á þegar stofnuðum málum (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/Getdocument.aspx?itemid=C06d2fVTkyrc0dOboqw&meetingid=2112003F&cc=Application)

Minnisatriði ▼

Í bókun skipulagsnefndar þann 10.11.2021 kom fram að samkvæmt 5.3.2.13. gr. skipulagsreglugerðar skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en sem nemur 50 metrum. Umsókn er því synjað.

11. Stóruskógarbraut 7 (L232637); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður með samliggjandi geymslu - (2112060 (https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2112060;))

Skipulags og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. - Dalbraut 12 - 840 Laugarvatn - s:486

Powered by  OnePortal.

1145

A- Fyrir liggur umsókn Bent L. Fróðasonar fyrir hönd Benedikts Jónssonar, móttekin 21.12.2021 um byggingarheimild til að byggja 149,6 m² sumarbústað með áfastri geymslu á sumarbústaðalandinu Stóruskógarbraut 7 (L232637) í Bláskógabyggð.

Minnisatriði ▼

Byggingaráform eru samþykkt. Byggingarheimild verður gefin út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.3.8 í byggingarreglugerð 112/2012. Þ.e. að hönnuður hafi skilað inn árituðum aðaltekningum til leyfisveitanda, byggingarstjóri hafi staðfest yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent afrit af starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni og að tilskilin gjöld hafi verið greidd.

12. Tunguholt 3 (L230877); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður og

bílageymsla - (2105026 ([https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/default.aspx?](https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2105026;)

viewname=mydocs.xml&where=UID:2105026;))

Erindi sett að nýju fyrir fund í framhaldi á samþykktu takmörkuðu byggingarleyfi dagsett 19.05.2022. Fyrir liggur umsókn Ástríðar B. Árnadóttur fyrir hönd Gísla Harðarsonar og Írisar K. Jónsdóttur, móttekin 04.01.2022 um byggingarheimild til að byggja 139,4 m² sumarbústað og 40 m² bílageymslu á sumarbústaðalandinu Tunguholt 3 (L230877) í Bláskógabyggð.

Minnisatriði ▼

Byggingaráform eru samþykkt. Byggingarheimild verður gefin út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.3.8 í byggingarreglugerð 112/2012. Þ.e. að hönnuður hafi skilað inn árituðum aðaltekningum til leyfisveitanda, byggingarstjóri hafi staðfest yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent afrit af starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni og að tilskilin gjöld hafi verið greidd.

13. Illósvegur 2 (L201002); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður með millilofti að hluta og með innbyggðri bílageymslu - (2111078

([https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/default.aspx?](https://uppsveitir.oneportal.is/fundagatt_profund/default.aspx?viewname=mydocs.xml&where=UID:2111078;)

viewname=mydocs.xml&where=UID:2111078;))

Fyrir liggur umsókn Viggó Magnússonar fyrir hönd Sigríðar Þorgeirsdóttur og Finns Oddssonar, móttekin 29.11.2021 um byggingarheimild til að byggja 209,8 m² sumarbústað með millilofti að hluta og með innbyggðri bílageymslu á sumarbústaðalandinu Illósvegur 2 (L201002) í Bláskógabyggð.

Minnisatriði ▼

Byggingaráform eru samþykkt. Byggingarheimild verður gefin út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.3.8 í byggingarreglugerð 112/2012. Þ.e. að hönnuður hafi skilað inn árituðum aðaltekningum til leyfisveitanda, byggingarstjóri hafi staðfest yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent afrit af starfsábyrgðartryggingu fyrir framkvæmdinni og að tilskilin gjöld hafi verið greidd.

Fundarlok: 15:00